

20. Frumvarp

til laga um kvikmyndir og kvikmyndahús.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

I.

Leyfi.

1. gr.

Kvikmyndahús má aðeins reka samkvæmt leyfi, sem dómsmálaráðherra veitir, enda sé í öllu gætt þeirra skilyrða, er greinir í leyfisbréfinu.

Leyfi skal veitt ákveðnum manni; þó má einnig veita leyfi félögum, stofnunum og sveitar- eða bæjarfélögum, en þá skal fyrir leikhúsinu vera forstöðumaður, er leyfisveitandi tekur gildan.

Leyfi til að reka kvikmyndahús eða samþykki til að vera forstöðumaður slíks húss má veita þeim mönnum einum, er færa sönnur á, að þeir hafi næga þekkingu á þeim störfum.

2. gr.

Áður en dómsmálaráðherra veitir leyfi til stofnunar nýs kvikmynda-húss, skal leitað umsagnar hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar.

II.

Leyfistíminn.

3. gr.

Leyfi gildir um 5 ár, enda hafi það ekki verið löglega veitt áður fyrir lengri tíma.

Nú andast leyfishafi áður en leyfistíminn er á enda, og getur þá ekkja hans komið í hans stað sem leyfishafi, enda sé um það leitað umsagnar sveitar- eða bæjarstjórnar. Bresti ekkju næga þekkingu, skal hún hafa forstöðumann, er leyfisveitandi tekur gildan.

Dómsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn sveitar- eða bæjarstjórnar, þegar leyfistími er á enda, veitt leyfishafa á ný leyfi, enda hafi hann ekki í verulegum atriðum brotið skyldur sínar á leyfistímanum.

4. gr.

Dómsmálaráðherra getur hvenær sem er tekið aftur leyfi, ef skilyrða leyfisbréfsins þykir eigi hafa verið gætt, eða ef leyfishafi gerir sig sekan um eitthvað það, sem talið er svívirðilegt að almenningsáliti, eða þykir hafa gerzt óverðugur til að hafa leyfið.

5. gr.

Fyrir kvikmyndaleyfi skal greiða 500 kr. á ári.

III.

Rekstur kvikmyndahúss.

6. gr.

Leyfi skal vera bundið við ákveðin húsakynni.

7. gr.

Leyfishafi má ekki leigja öðrum leyfið. hann ber ábyrgð á öllum rekstri kvikmyndahússins og skuldbindingum. Leyfishafi skal, hvort sem er um einstakling eða félag að ræða, eiga heimili í þeirri sveit eða bæ eða í næstn sveit, þar sem kvikmyndahúsið er, þó ekki lengra en 5 kílómetra frá leikhúsinu.

8. gr.

Í leyfisbréfi skal áskilið, að skólum skuli heimil notknn kvikmynda-
hússins til sýninga í þarfir kennslunnar, á þeim tíma, sem það er ekki notað til almennra sýninga, gegn hæfilegu gjaldi, er dómsmálaráðherra ákveður, ef ágreiningur verðnr.

9. gr.

Dómsmálaráðuneytið skipar 3ja manna nefnd, búsetta í Reykjavík, til þess að hafa á hendi skoðun kvikmynda, sem sýna á opinberlega. Skal einn þeirra valinn eftir tillögum Kennarafélags Íslands og annar eftir tillögum prestastefnu. Hætti starfsemi þessara stofnana, ákveður ráðuneytið, hverjir séu réttir aðilar í þeirra stað. Geri þær engar tillögur, velur ráðuneytið sjálft alla mennina. Þóknun ákveður ráðuneytið. Skulu þeir skipaðir til 3ja ára í senn.

10. gr.

Enga kvikmynd má sýna opinberlega, nema skoðunarnefnd hafi leyft og sett á hana merki, sem nánar skal ákveðið í reglugerð.

11. gr.

Myndskoðunarnefnd má ekki leyfa opinbera sýningu kvikmynda, sem ætla má að hafi siðspillandi áhrif eða trufla réttarmeðvitund almennings eða veiki tilfinningu fyrir almennu velsæmi — eigi heldur mynda, sem telja mætti móðgandi fyrir útlend ríki. Einkum skal fordast að leyfa sýningu myndna, sem geta leiðbeint mönnum til að brjóta almenn borgaraleg lög eða fremja annað það, sem að almanna dómi er álituð vitavert. Börnum og unglíngum innan 16 ára aldurs má eigi leyfa aðgang að kvikmyndasýningum, sem ætla má, að æsi óhæfilega ímyndunarafi þeirra eða hafi óholl áhrif á andlega þroskun þeirra eða heilsu. Sé börnum og unglíngum innan 16 ára bannaður aðgangur, skal

það gefið til kynna sérstaklega og er óheimilt að veita þeim aðgang. Skal forráðamönnum kvikmyndahúss skylt að auglýsa jafnan, hvort börnum og unglingum er bannaður aðgangur eða ekki.

12. gr.

Myndskoðunarnefnd má ekki banna aðgang að öðrum myndum en nefndar eru í 3. gr.

Sýnishorn af kvikmyndum má eigi festa upp á almannafæri nema með leyfi myndskoðunarnefndar.

13. gr.

Sé þess óskað og ástæða sé fyrir hendi, skal nefndin gefa kvikmyndum meðmæli. Skulu meðmæli því aðeins veitt, að myndin hafi fræðslu- eða listagildi meira en venjulegt er um kvikmyndir. Ráðuneytið skipar tvo auka- skoðunarmenn, sem taka sæti í nefndinni, þegar meðmæla er óskað, og hafa jafnan atkvæðisrétt og aðrir nefndarmenn um það, hvort veita skuli meðmælin.

14. gr.

Myndir, sem ætlaðar eru til sýningar í skólum eingöngu, eru undanþegnar eftirliti.

15. gr.

Greiða skal gjald fyrir skoðun kvikmynda, 8 auro fyrir hvern metra frummyndarinnar (film). Þegar meðmæla er óskað skal greiða aukagjald, 1 eyri fyrir metra, hvort sem meðmælin eru veitt eða eigi.

16. gr.

Af kvikmyndasýningu greiðist auk skemmtanaskatts sérstakt gjald 10% af verði seldra aðgöngumiða. Rennur gjald það í höfuð-kirkjusjóð. Af sýningum mynda, sem um ræðir í 13. gr., greiðist 5% auk skemmtanaskatts.

17. gr.

Umráðamönnum kvikmyndanna er skylt að sjá fyrir húsrými og tækjum til athugunar á þeim myndum, sem þeir óska eftirlits á, án þess að gjald komi fyrir, enda fari athugunin fram á þeim tíma dags, sem ekki er venjulegt að nota til kvikmyndasýninga. Eigendum kvikmyndahúsa í Reykjavík er skylt að leggja til húsrými og tæki til skoðunar allra kvikmynda sem sýndar eru í landinu. Grein þessi fellur úr gildi, ef ríkið sjálft eignast húsrými og tæki til myndskoðunar.

18. gr.

Leyfi, sem veitt eru áður en lög þessi ganga í gildi, falla niður að 3 árum liðnum.

19. gr.

Bann gegn sýningu kvikmynda hefir gildi, ef 2 af skoðunarmönnum eru sammála. Meðmæli með mynd gilda því aðeins að allir skoðunarmennirnir séu sammála.

20. gr.

Í leyfi skal ákveðið verð aðgöngumiða í hlutfalli við gæði sætanna. Fari verðið fram úr því, sem ákveðið er í leyfinu, hækkar sýningargjaldið upp í 25% (sbr: þó 16. gr.), af þeim miðum sem hækkaðir eru í verði. Fyrir þau kvikmyndahús, sem nú eru í notkun, ákveður ráðuneytið verð aðgöngumiða jafnskjótt, sem lög þessi ganga í gildi og skal þá farið eftir meðalverði síðastliðið ár.

21. gr.

Gjaldi því, sem greitt er af kvikmyndasýningum samkv. lögum þessum og fyrir myndskoðun, að frádreginni þóknun myndskoðunarnefndar, ennfremur leyfisgjaldi, skal skipt í þrjá jafna hluta. Rennur einn hlutinn í þjóðleikhússjóð, annar til væntanlegrar dómkirkjubyggingar í Reykjavík og þriðji til Landsbókasafnsins.

22. gr.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð frekari fyrirmæli um myndskoðun. Skulu skoðunarmönnum þar settar nánari reglur um, hvenær banna skuli sýningu mynda eða veita meðmæli. Jafnframt setur ráðherra reglugerð um meðferð þess fjár, sem rennur til dómkirkjubyggingar og Landsbókasafns samkv. lögum þessum.

Greinargerð.

Frumvarp svipað þessu var borið fram af stjórninni á Alþingi 1929 en náði þá eigi samþykkt. Síðan hefir verið unnið mjög rækilega að frekari undirbúningi málsins. M. a. hefir stjórnin látið rannsaka ítarlega löggjöf um kvikmyndahús og eftirlit með kvikmyndum á Norðurlöndum og víðar erlendis. Hafði sendimaður stjórnarinnar tal af myndskoðunarmönnum í Svíþjóð, Norgegi og Danmörku, kynnti sér starfsháttu þeirra og leitaði áhlits þeirra um helztu atriði, sem til greina koma í sambandi við myndskoðun og árangur hennar. Skulu tilnefndir myndskoðunarmennirnir dr. Berg og dr. Bjurmann í Stokkhólmi, Sigurd Nærgård í Oslo og Nicolaisen í Khöfn. Hafa flestir þessara manna haft á hendi myndskoðun, síðan hún fyrst hófst á Norðurlöndum og því aflað sér mjög ítarlegrar reynslu.

Myndskoðun er nú komin á í flestum löndum Norðurlálfu og sumstaðar vestan hafs. Á Norðurlöndum og Þýzkalandi annast hið opinbera myndskoðunina. Í Englandi er það aftur á móti félagsskapur umráðanda kvikmyndanna sjálfra, sem hefir hana með höndum. Í Frakklandi er opinbert eftirlit, þó þannig að myndskoðunarmenn hins opinbera fá í hendur lýsingu myndanna, en athuga aðeins nokkurn hluta myndanna sjálfra og þá einkum, ef lýsingin gefur sérstakt tilefni til. Myndskoðunarmenn eins lands taka aldrei gild sýningarleyfi frá myndskoðunarmönnum annara landa, enda eru þess mörg dæmi, að sýning myndar hafi verið bönnuð í einu landi, þótt leyfð hafi verið í öðru.

Myndskoðun Svía er elzt og jafnframt ströngust. Eru myndskoðunarlög þeirra frá 1911. Myndskoðunarlög Norðmanna eru frá 1913 og dönsku lögin frá 1922. Þýzku myndskoðunarlögin eru frá 1920.

Við myndskoðun erlendis er gerður munur á þrennskonar kvikmyndum; myndum, sem alveg eru bannaðar, myndum, sem leyft er að sýna fullorðnu fólki en ekki börnum né unglungum og myndum, sem heimilt er að sýna öllum. Er það álit flestra, sem við þessi efni fást, að þá væri of langt gengið, ef bannað væri með öllu sýning þeirra mynda, sem óholl áhrif geta haft á börn og unglinga. Í Danmörku er 16 ára aldurstakmark, en í Svíþjóð og Noregi 15 ára.

Til marks um árangur myndskoðunarinnar á Norðurlöndum eru eftirfarandi tölur, sem teknar eru eftir dagbókum myndskoðunarmanna í þessum löndum:

Í Svíþjóð voru árið 1928 bannaðar ca. 8% allra þeirra mynda, sem skoðunarmenn höfðu til athugunar.

Myndiruar, sem sænsku skoðunarmennirnir leyfðu að sýna, voru samtals að lengd 4112886 metrar.

Af þeim voru 2475537 metrar bannaðir fyrir börn og unglinga 15 ára og yngri.

Í Noregi voru á sama tíma 4,44% af myndum bannaðar.

Leyfðar voru myndir að lengt samtals 1014459 metrar.

Þar af voru bannaðir fyrir börn og unglinga 606148 metrar.

Í Danmörku er myndskoðunin ekki eins ströng og í Svíþjóð og Noregi. Tíðkast þar meir sú aðferð að »klippa úr« myndunum en banna þær alveg. Árið 1928 bönnuðu dönsku skoðunarmennirnir sýningu 7 mynda. Alls voru leyfðar myndir að lengd 1708646 metrar. Af þeim voru bannaðar ca. 8% bannaðar fyrir börn og unglinga 16 ára og yngri.

Nefndar tölur gefa ekki fullkomlega hugmynd um árangur myndskoðunarinnar. Er hann í raun og veru talsvert meiri en þær sýna. Eigendur myndanna, sem aðallega eru amerísk auðfélög, verða að greiða hátt gjald fyrir skoðunina, hvert sem myndin er leyfð eða eigi. Þessvegna hliðra þau sér hjá að senda slæmar myndir til landa, sem hafa stranga myndskoðun, og sýna þær fremur heima fyrir í Ameríku, þar sem eftirlitið er slælegt. Myndskoðun hvers lands hefir þannig mjög mikil óbein áhrif á gæði þeirra mynda, sem til landsins flytjast.

Reynsla Norðmanna, sem okkur eru skyldust í þessu efni, bendir á, að heppilegast sé að ríkið ráði því, hverjir kvikmyndahús reka og leyfi séu veitt til ákveðins tíma. Svíar hafa lagt aðaláherzlu á myndskoðunina en minna hirt um sjálfan reksturinn. Er í Svíþjóð hverjum þeim heimilt að reka kvikmyndahús, sem fullnægir ákveðnum skilyrðum. Afleiðingin er sú, að rekstur kvikmyndahúsanna er að miklu leyti kominn í hendur amerískra auðfélaga og mestur hluti ágóðans rennur út úr landinu. Í Noregi reka bæjarfélögin kvikmyndahúsin og hefir gefist vel fjárhagslega. Í Oslo er t. d. nettoarður kvikmyndahúsanna árin 1926–28 nærri 3 milj. króna og er þá frátalinn skemt-anaskattur til ríkisins, og verð aðgöngumiða þó lækkað á sama tíma um 25%.

Í Danmörku er sama fyrirkomulag og stungið er upp á í þessu frv. Ríkið veitir leyfi til ákveðins tíma í senn.

Í frv. er stungið upp á því, að myndskoðunarmenn geti gefið einstökum kvikmyndum meðmæli, ef þess er óskað og myndirnar hafa fræðslu eða listagildi meira en venjulegt er um kvikmyndir. Ákvæði þetta er tekið eftir þýzkri löggjöf um »Kulturbilder« svonefndar. Í Berlin og München hafa Þjóðverjar sett á stofn sérstaka myndskoðun, (Bildstelle des Zentralinstituts für Erziehung und Unterricht), sem sker úr um það, hvort kvikmyndir hafi fræðslu- eða listagildi svo mikið, að ástæða sé fyrir þjóðfélagið að greiða götu þeirra. Hljóti mynd viðurkenningu sem slik, er gefinn eftir hluti af sýningargjaldi þeirrar myndar. Ákvæði þetta miðar að því að greiða fyrir góðum myndum og jafnframt að fækka sýningum þeirra mynda, sem í sjálfu eru lítils eða einskis virði en þó ekki tiltækilegt að banna með öllu. Til tryggingar því að ákvæði þetta verði ekki misnotað af tilhliðrunarsemi við kvikmynda-eigendur, er gert ráð fyrir fleiri myndskoðunarmönnum en venjulega, þegar um meðmæli er að ræða. Virðist edlilegt, að stjórnin skipi aukamennina, þar eð hún er réttur aðili, þegar um eftirgjöf á skatti er að ræða.

Í frv. er farið fram á nokkra bækkun á sýningargjaldi kvikmyndahúsanna. Skemmtanaskattur er hér óedlilega lágur, þegar um fjárvænleg fyrirtæki er að ræða, eins og kvikmyndahúsin. Þá er og ákveðið sérstakt gjald fyrir myndskoðun og er það álíka hátt og annarstaðar á Norðurlöndum. Þó er hér eigi gert ráð fyrir neinu gjaldi fyrir skoðun kvikmyndauglýsinga, þótt svo sé annarsstaðar.

Kvikmyndir eru nú svo ríkur þáttur orðinn í menningarlífi þjóðarinnar, einkum kaupstaðanna, að ófært er að láta val þeirra afskiptalaust af hálfu hins opinbera. Eins og í öllum öðrum menningarríkjum Norðurláfunnar, verður hér að sporna móti siðspillandi áhrifum kvikmynda, en jafnframt að gera það sem unnt er til þess að þjóðin njóti þeirrar menntunar og lista — sem í góðum myndum felst.

Um það, hversu verja beri þeim hluta skatts af kvikmyndahúsum, sem lagt er til að renni í höfuðkirkjusjóð, verður nánar fyrir mælt í frv. um höfuðkirkjusjóð.